

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/1995
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 5/1995)

SÍBS gegn samkeppnisráði

I.

Með bréfi er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 23. febrúar 1995, hefur vöruhappdrætti SÍBS kært [ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 4/1995](#) frá 27. janúar 1995, þar sem ráðið bannaði tilteknar auglýsingar SÍBS. Krafðist áfrýjandi þess að áfrýjunarnefndin felldi úr gildi ákvörðun nefndarinnar. Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun ráðsins verði staðfest.

Málið var fyrst tekið fyrir hjá áfrýjunarnefndinni 1. mars 1995, en fyrirtekt þess tafðist þar sem formaður og varaformaður hennar lýstu sig vanhæfa í málinu vegna starfa sinna við Háskóla Íslands og var skipaður formaður „ad hoc“ þann 9. mars 1995.

Málsaðilar lögðu báðir fram greinargerð. Ennfremur var þeim gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín á fundi sem haldinn var í áfrýjunarnefndinni 3. maí 1995. Þá var lögmanni Hapdrættis Háskóla Íslands gefinn kostur á að koma á athugasemdum í málinu. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

II.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði, en upphaf málsins er að rekja til þess að hinn 3. janúar 1995, barst Samkeppnisstofnun erindi frá auglýsingastofunni Argusi (auglýsingastofa Hapdrættis Háskóla Íslands) þar sem beðið var um að stofnunin tæki til umfjöllunar auglýsingar frá Hapdrætti SÍBS og úrskurðaði um hvort auglýsingarnar brytu í bága við samkeppnislög. Eftir að stofnunin hafði gefið SÍBS kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri var á fundi auglýsinganefndar Samkeppnisstofnunar hinn 20. janúar 1995, samþykkt að banna tilteknar auglýsingar SÍBS. Í framhaldi af því tók samkeppnisráð 27. janúar 1995 neðangreinda ákvörðun:

„Vegna auglýsinga hapdrættis SÍBS að undanfögnu samþykkir Samkeppnisráð eftirfarandi:

1. Í auglýsingum happdrættis SÍBS er fullyrt: „Eina happdrættið þar sem hæsti vinningurinn gengur örugglega út.“ Happdrætti SÍBS er ekki eina happdrættið þar sem hæsti vinningurinn gengur örugglega út. Fullyrðingin í auglýsingunni stenst því ekki og brýtur í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.
2. Einnig er fullyrt: „Hann leggst við þann hæsta í næsta mánuði þar til sá heppni hreppir hann margfaldan“. Hér er um villandi fullyrðingu að ræða. Vinningurinn sem ekki gengur út leggst við hæsta vinning í næsta mánuði en hann margfaldast ekki. Hér er því um brot á 21. gr. samkeppnislaga að ræða.
3. Fullyrt er að SÍBS sé „eina stórhappdrættið þar sem hæstu vinningarnir gangi örugglega út allt árið“. Fullyrðingin stenst ekki. Hér er því um brot að ræða á 21. gr. samkeppnislaga.
4. Happdrættið fullyrðir: „mestu vinningslíkur í íslensku stórhappdrætti“ og „hvergi meiri vinningslíkur“. Þessar fullyrðingar eru ósannaðar og brjóta því í bága við 21. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð bannar samkvæmt heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 auglýsingar Happdrættis SÍBS sem hafa að geyma fullyrðingar eins og lýst er hér að ofan.“

III.

Af hálfu áfrýjanda er því fram haldið að lagastoð skorti fyrir því að banna efni auglýsinga á þeim grundvelli að efni þeirra teljist ósannað.

Bann við auglýsingu með stoð í fyrri málsgrein 21. gr. samkeppnislaga verði að byggja á því að efni þeirra sé „rangt, ófullnægjandi eða villandi“. Ef banna á auglýsingar með stoð í síðari málsgrein, þurfi efni þeirra að vera „ósanngarnt gagnvart keppinautum eða neytendum“. Hvergi sé minnst á í nefndri lagagrein að heimilt sé að banna efni auglýsingar á grundvelli þess að hún sé ósönnuð, en gera verði strangar kröfur til lagaheimildar þar sem tjáningar- og prentfrelsi sé varið af stjórnarskránni.

Telur áfrýjandi augljóst að það sé ekki skilyrði um efni auglýsinga að auglýsandinn geti sannað þær fullyrðingar sem í þeim felast. Nefnir áfrýjandi máli sínu til stuðnings nokkur dæmi úr raunveruleikanum sem hann telur að ættu að sýna hve fráleitt það skilyrði væri að gera kröfu um sönnun fullyrðinga í efni auglýsinga.

IV.

Samkeppnisráð bendir á að við framkvæmd 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og áður 27. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hafi sönnunarbyrði hvílt á auglýsanda. Honum hafi borið að sanna þær fullyrðingar og staðhæfingar sem hann setur fram í auglýsingu. Vísar samkeppnisráð ennfremur til úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 6/1995, Hapdrætti Háskóla Íslands gegn samkeppnisráði. Samkeppnisráð rökstyður síðan nánar í greinargerð sinni ástæður bannsins í einstökum liðum.

V.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 4/1995 er ekki rökstudd, en telja verður eðlilegt að rökstyðja slíkar ákvarðanir sem í eðli sínu eru íþyngjandi. Að því leyti er hún haldin formgöllum. Hins vegar hefur ákvörðun samkeppnisráðs svo sem áður greinir, nú verið rökstudd með fullnægjandi hætti og er ekkert því til fyrirstöðu að fjalla efnislega um málið.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur með vísan til yfirlýsts tilgangs samkeppnislaga, sbr. einkum 1. gr. b-liðs, að markmiðum og tilgangi laganna verði ekki náð með öðrum hætti en þeim að auglýsandi verði látinn bera sönnunarbyrði á því að auglýsing frá honum sé ekki haldinn þeim annmörkum sem í 21. gr. laganna greinir. Mun áfrýjunarnefndin í ljósi þessa fjalla um einstaka töluliði ákvörðunar samkeppnisráðs.

Ákvörðun varðandi tölulið nr. 1.

Í máli áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 6/1995, í máli Hapdrættis Háskóla Íslands gegn samkeppnisráði var sýnt fram á að hapdrætti SÍBS væri ekki eina hapdrættið þar sem hæstu vinningar gengu örugglega út. Fullyrðing áfrýjanda er því röng og til þess fallin að vekja hugmyndir hjá neytendum. Ber því að staðfesta ákvörðun samkeppnisráðs hvað varðar þennan tölulið.

Ákvörðun varðandi tölulið nr. 2.

Fullyrðingin „hann leggst við þann hæsta í næsta mánuði þar til sá heppni hreppir hann margfaldan“ er einungis viðbót við þá fullyrðingu sem fram kemur í tölulið 1 í ákvörðun samkeppnisráðs og verður ekki slitin úr samhengi við hana. Þar sem að áfrýjunarnefnd hefur komist að niðurstöðu varðandi þá fullyrðingu sem fram kemur í tölulið 1 er vísað til rökstuðnings við hana. Ber því að staðfesta ákvörðun samkeppnisráðs hvað varðar þennan tölulið.

Ákvörðun varðandi tölulið nr. 3.

Þar sem að fullyrðing sem töluliður þessi varðar er nánast sama efnis og sú fullyrðing sem fram kemur í tölulið nr. 1, á sami rökstuðningur við um þessa fullyrðingu. Ekki þykir ráða úrslitum þótt við fullyrðinguna sé bætt orðunum „allt árið“ enda hefur komið fram í málinu, að vinningar í happdrætti SÍBS geti flust yfir á næsta almanaksár.

Ákvörðun varðandi tölulið nr. 4.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur með vísan til þess sem fram hefur komið í málinu að ekki séu efni til að banna þessar fullyrðingar.

Af ýmsum ástæðum hefur meðferð málsins og þar með uppkvaðning úrskurðarins tafist.

IV.

Úrskurðarorð:

„Ákvarðanir samkeppnisráðs hvað varðar töluliði nr. 1,2 og 3 í máli nr. 4/1995, frá 27. janúar 1995, eru staðfestar. Ákvörðun samkeppnisráðs varðandi tölulið nr. 4 er felld úr gildi.“

Reykjavík, 17. maí 1995

Ingveldur Einarsdóttir
(sign)

Jónatan Sveinsson
(sign)

Kirstín Flygenring
(sign)